

Nd.

18. Frumvarp til laga

[18. mál]

um sömu laun kvenna og karla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenska ríkinu og sveitarfélögum skulu konum greidd sömu laun og körlum.

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupí, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað skulu enn fremur greidd sama kaupí, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. — Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaganna um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Greinargerð.

Flutningsmaður þessa frumvarps flutti á þinginu 1948 frv. um jafnrétti kvenna og karla. Að því sinni var málið borið fram í efri deild. Efni þess var í aðalatriðum samhljóða efni þessa frumvarps, en nokkru viðtækara. Málið náði ekki fram að ganga.

Á seinasta þingi var málið flutt á ný, og er frumvarpið nú endurflutt óbreytt. Þá fylgdi málinu svo hljóðandi greinargerð:

„Krafan um jafnrétti kvenna og karla er ein af jafnaðar- og mannréttindakröfum, sem frelsishreyfingar þær, er gripu um sig í Norðurálfu á 19. öldinni, gáfu byr í seglin. En þá hófst sú sókn þeirra, sem kúgaðir voru og minni máttar, fyrir auknum réttindum og meira frelsi, og er þeirri sókn hvergi nærri lokið enn þá.

Mörgum áfanganum hefur verið náð á þeirri leið, og þar á meðal þeim, bæði hér á landi og í flestum öðrum menningarlöndum heimsins, að konur njóta sama réttar og karlar að því er snertir kjörgengi, kosningarrétt og rétt til embætta og sýslana, og vantar þó víða mikið á, að sá réttur sé viðurkenndur með fullum jöfnuði í framkvæmdinni. Þó er hitt lakara, að víða hefur verið tekið aftur með hægri hendinni það, sem sú vinstri gaf, þar sem enn helzt hinn mikli mismunur á launum karla og kvenna fyrir sömu vinnu. Þá tíðkast það mjög, að konur njóta ekki í raun og veru sama réttar og karlar til hinna betur launuðu starfa og flytjast ekki milli launaflokka á sama hátt og karlar, þó að svo eigi að heita í orði kveðnu.

Því til sönnunar nægir að benda á þessar staðreyndir:

Af fóstum starfsmönnum Reykjavíkurbæjar voru árið 1950 140 konur, þar með taldar kennslukonur og hjúkrunarkonur. Af þeim voru 2 konur alls í 9 hæstu launaflokkunum. En 118 karlmenn af 468 voru þá í 9 hæstu flokkunum. Í 6 lægstu launaflokkunum eru hins vegar 111 karlmenn, eða 23.7% allra fastráðinna karla, og 62 konur, eða 44.4% allra fastráðinna kvenna.

Hjá fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar: rafmagnsveitu, gasveitu, vatns- og hitaveitu og Reykjavíkurhöfn, voru sama ár 25 konur taldar fastir starfsmenn, af þeim var aðeins ein kona með hærri laun en 10. flokks.

Af föstum starfsmönnum ríkisins eru 246 konur, og af þeim er engin í fjórum hæstu launaflokkunum. Tvær eru í 5. launaflokki, aðrar tvær í 6. flokki og 5 í sjöunda flokki, — í 7 hæstu launaflokkunum eru þannig samtals einar 9 konur.

Úr öðrum starfsgreinum er sömu sögu að segja. Samkvæmt samningum „Iðju“, félags verksmiðjufólks, er hæsta mánaðarkaup kvenna kr. 1200.00, en hæsta mánaðarkaup karla kr. 1830.00 (hvort tveggja grunnlaun). Konur ná þar ekki einu sinni fullkomlega $\frac{2}{3}$ af kaupum karla.

Þó virðist hlutur kvennanna vera einna lakastur á verzlunar- og viðskipta-sviðinu, einmitt þar sem segja mætti, að auðveldast og eðlilegast væri að koma við fullkomnum launajöfnuði með því að miða við ákveðin verk án tillits til þess, hver vinnur þau. Við athugun á samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við atvinnu-rekendur kemur þetta í ljós:

Í 1. (þ. e. hæsta) launaflokki, sem í eru skrifstofustjórar og fulltrúar 1. flokks, er eingöngu miðað við karla. Í 2. launaflokki, sem í eru aðalbókarar og fulltrúar 2. flokks, bréfritarar 1. flokks, sölustjórar og aðalgjaldkerar, er líka eingöngu miðað við karla. Það er ekki fyrr en komið er niður í B-lið 4. flokks (aðstoðarfólk á skrifstofum), sem gert er ráð fyrir bæði körlum og konum í sama flokki.

Um afgreiðslufólkið gegnir svipuðu máli og ekki betra að því er konurnar varðar. Deildarstjórar 1. flokks eru eingöngu karlar, og meira að segja afgreiðslumenn 1. flokks eru líka karlar. Það er m. ö. o. ekki gert ráð fyrir, að konur geti verið afgreiðslumenn 1. flokks samkvæmt skilningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og atvinnurekenda í þeirri grein. Konur geta aftur á móti verið deildarstjórar 2. flokks. Við afgreiðslustörf, t. d. í matvörubúðum, skyldu menn halda, að karlar og konur hefðu sömu laun, þegar um sambærilega menntun væri að ræða. Svo er þó ekki. Afgreiðslumenn (karlar) skulu hafa í grunnkaup 1351.35 pr. mán., en afgreiðslustúlkur með sömu menntun skulu hafa 1053.00. Er þó ekki sennilegt, að þær rétti færri kíló af sykri eða sápu yfir búðarborðið daglega en karlmaðurinn við hlið þeirra. En svona er þetta nú samt. — Það eimir lengi eftir af hugsunar-hættinum, sem lét karla og konur bera saman á börum allan daginn, án þess að konur fengju nema í bezta lagi $\frac{2}{3}$ af karlmannskaupinu — og oft ekki nema helmingskaup.

Við venjulega erfiðisvinnu er kaup karlmannna hér í Reykjavík samkvæmt taxa Verkamannafélagsins Dagsbrúnar kr. 9.24 til kr. 12.00 á klst. eftir tegund vinnunnar (grunnkaup), en kaup kvenna samkvæmt samningi Verkakvennafélagsins Framsóknar kr. 6.60 til 6.90 á klst. eftir tegund vinnunnar, eða nokkru betur en $\frac{2}{3}$ af karlmannskaupi, miðað við þann vinnuflokkinn, sem algengastur er.

Fleiri dæmi er ekki ástæða til að birta hér, þar sem þessar staðreyndir eru öllum, er um málið hugsa, augljósar og blasa hvarvetna við.

Verkalýðshreyfingin og kvenréttindahreyfingin um heim allan hafa á stefnu-skrá sinni að bæta úr þessu misrétti. Gerði Samband frjálsra verkalýðsfélaga (I. C. F. T. U.), sem Alþýðusambandið hér er meðlimur í, meðal annars samþykkt um þessi mál á þingi sínu í Stokkhólmi síðastliðið sumar. Var þar lagt fyrir Alþýðusamböndin hvert í sínu landi að berjast fyrir því, að sama kaup yrði greitt konum og körlum fyrir sama vinnuverðmæti. Þá getur það ekki hafa farið fram hjá mönnum, að Alþjóðavinnuáráðastofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur árum saman barizt fyrir sama kaupum kvenna fyrir sömu vinnu.

Á þingum Alþýðusambands Íslands hafa líka ár eftir ár verið bornar fram kröfur um sömu laun fyrir sömu vinnu, hvort sem hún væri unnin af konum eða körlum. Var það og ein af þeim kröfum, sem verkalýðsfélögin báru fram í vinnu-deilunni í desember 1952, að brúað yrði sem mest bilið milli kaupgjalds kvenna og karla. Ekki náði það þó fram að ganga, enda má búast við, að seinfær verði samninga-leiðin fyrir félög starfsfólks til þess að ráða niðurlögum þessa gamla ranglætis. Ber þá löggjafarvaldinu skylda til að koma til liðs við réttan málstað, og í trausti þess, að svo verði, er frv. þetta fram borið.“